

|                     |                    |                         |                       |
|---------------------|--------------------|-------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits      | 30.9.2025          | Ábyrgðarmaður eftirlits | Kjartan Guðmundsson   |
| Fyrirtæki           | Primex, Siglufirði | Eftirlitsmaður          | Kjartan Guðmundsson   |
| Heimili             | Óskarsgötu 7       | Tegund eftirlits        | Skrifborðseftirlit    |
| Kennitala           | 681197-2819        | Flokkur                 | Efnaiðnaður           |
| Fulltrúi fyrirtækis | Póra Ýr Árnadóttir | ÍSAT nr.                |                       |
| Fulltrúi fyrirtækis |                    | Staðsetning             | 504514,193 628305,621 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við skrifborðseftirlitið var kannað hvort brugðist hefði verið við frávikum og ábendingum sem komu fram við síðasta eftirlit árið 2024 og hvort skil grænu bókhaldi hefðu verið í samræmi við starfsleyfi. Frávikið sem þá var skráð telst lokið og gögn vegna ársins 2024 hafa borist innan tilskilins frests. Engin frávik komu upp og engar ábendingar voru settar fram við þetta eftirlit.

Þann 17. október 2025 barst tilkynning þess efnis að rekstur Primex ehf. hafi stöðvast að hluta tímabundið vegna bruna sem kom upp þann 13. október 2025.

## UMFANG EFTIRLITS

### 1. Staða frá síðustu eftirlitum

Í eftirliti árið 2024 var skráð frávik vegna opins niðurfalls í efnageymslu auk þess sem ársyfirliti og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hafði ekki verið skilað innan frests. Rekstraraðili hefur gert úrbætur á efnageymslu og samkvæmt málslokabréfi Umhverfis- og Orkustofnunar dags. 6.1.2025 telst fráviki lokað. Uppfærðri viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar var skilað 27.3.2025 og grænu bókhaldi var skilað 8.4.2025.

### 2. Skil á gögnum

Rekstraraðili hefur skilað grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2024 innan tilskilins frests, þ.e. fyrir 1. maí 2025. Þetta er í samræmi við kröfur starfsleyfis.

### 3. Frárennsli og vöktunarmælingar

Samkvæmt starfsleyfi ber rekstraraðila að hlutleysa sýru og basa áður en frárennsli fer í sjó sem viðtaka. Einnig ber að framkvæma reglulegar mælingar á frárennslisvatni, þar á meðal á COD, svifögnum, köfnunarefni og fosfór.

Niðurstöður mælinga fyrir árið 2024 sýna:

- COD: 2730 mg/L
- Svifagnir: 3700 mg/L
- Meðaltal köfnunarefnis (N): 13,2 mg/L
- Meðaltal fosfórs (P): 0,58 mg/L

Gildin fyrir COD og svifagnir eru há, en þar sem sjór er viðtaki og engin losunarmörk hafa verið skilgreind í starfsleyfi telst þetta ekki frávik. Erfitt er að leggja endanlegt mat á niðurstöður mælinga þar sem upplýsingar um áætlað magn frárennslis sem losað er í sjó liggja ekki fyrir.

### 4. Úrgangur og spilliefni

Rekstraraðili hefur haldið skrá yfir úrgang og spilliefni og komið þeim til viðurkenndrar móttöku eða endurvinnslu. Þetta telst í samræmi við kröfur starfsleyfis.

### 5. Mengunaróhöpp

Engin mengunaróhöpp voru skráð árið 2024.

Reykjavík,

20.10.2025

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

---

Kjartan Guðmundsson